



Stjórnmalaskóli Sjálfstæðisflokksins: Ræða um utanríkismál 1952

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður og greinar 1929-1964.

Askja 4-1, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hefur ekki búið

Stjórnmalaskóli
Sjálfstæðisflokksins;
Erindi:
Bjarna Benediktssonar, ráðh.,
um
"Utanríkismál"
29/11 52.

Góðir fundarmenn, karlar og konur.

Það er svo með okkur Íslendinga,
að við erum tiltörlega óvanir að fjalla
um utanríkismál og það má segja að það
sé tiltörlega skammt síðan allur
almenningur hafi farið að hugsa um, að
þessi mál gætu í raun og veru skipt
okkur sérstaklega miklu. Menn heryr heyrðu
það að aðrar þjóðir ættu í ýmsum skiptum
sín á milli, góðum og slæmum, en yfir-
leitt virtist okkur það að það væri
sjálfum okkur að mestu eða öllu óvið-
komandi og þetta er ekki sízt vegna þess
að hugir okkar voru svo lengi tengdir
við það að öðlast sjálfstæði undan
dönskum yfirráðum. Menn urðu yfirleitt
ekki mikið varir við önnur erlend
ríki en Danmörku og töldu að öllu væri
borgið ef við aðeins værum lausir undan
þeirri kúgun, sem þeirra drottnun var
samfara. Við köllum það kúgun, sem
það vissulega var þó að það væri,
að minnsta kosti á seinni öldum, þó
það með mildari hætti heldur en margar
aðrar þjóðir hafa átt við að búa. Það
skaðar þó ekki að minna á, að einmitt
yfirráð Dana hér á landi urðu til þess,
að allur arðurinn af íslensku þjóðlífi
hvarf öldum saman til annars lands

^{ádrir}
 að ~~Að~~ ádrir fengju hér aðstöðu,
 var komið svo inn í, það er ekki
 hægt að segja miðdepil
 en það var orðim svo þýðingarmikill
 þáttur í heimsátökum, að það var ekki
 aðeins lífsnauðsyn fyrir Breta og
 Bandaríkjamenn, að ^{hindra et övinnu þeirra} ~~ádrir~~ fengju hér
 aðsetur, ^{setur} (sem að þeim væru aðseturir)
^{var landið}
 heldur einnig ~~var~~ mjög veigamikill
 þáttur í baráttu þeirra gegn kaþbátun-
 um og í baráttu gegn skyndiárásum
 Þjóðverja út á Atlantshafið. ~~einig~~
 á stærri skipum ogansjáfar. ~~mikill~~
 þáttur í þessu var, að þeir höfðu
 stöðvar hér á landi, Auk þess ^(sem) ~~var~~
^{mjög}
 Ísland ~~var~~ mikilvæg millistöð í
 flugsamgöngunum yfir Atlantshafið.
~~ein og víðvitur~~ Þetta hefur orðið
 til þess, að sú reynsla sem fékkst í
 síðustu stýrjöld, að Ísland ~~er~~
^{því}
 hefur nú mjög breytta stöðu í heiminum
 frá því sem áður var og enginn Íslend-
 ingur kemst hjá því, að gera sér grein
 fyrir að utanríkismálin hafa ~~allur~~
~~alla~~ úrslitapýðingu varðandi framtíð
 okkar.] Það er þó auðvitað, að ýmsu
 leyti öðru heldur en einungis varðandi
 hernað, sem utanríkismálin hafa mikla.
 þýðingu varðandi viðskipti, þá eins og
 ég sagði áðan enginn vafi á því, að
 það er mjög undir utanríkismálum komið
 utanríkisstefnu, hvernig á þeim er
 haldið hvernig okkur tekst til varðandi

voru bakstötvan
 heir á landi

Verslunavitskipti okkar og
 afvörðasala er mjög hit
 ástandi og stefna :
 utanríkis mála

Möguleikar til lánsútrýðninga
 og fjárfestingaþróunar
 þanna at vera látin
 þáttu þu: bankasamvinna
 og öðrum alþjóðlegum
 fjármála samhöllum.
 Mars hálfsamstarfið hefur
 t.d. fært miklum vandræðum
 vegna hallarís, afلابrests og
 kortvinda og gert mögulega
 stærsta verkefni framkvæmt.
 Írnan, sem hefur á landi hefur
 verið ríðist: f.e. Soysvirkjun
 ína nýja ábúðar verkefni
 og hefur virkjunina þu
 nortan.

Segji og mér að vísa til
 þessari fréttu um þessi
 efni til greinaflóks, sem
 sérprentaður var 1949
 um utanríkis mál Íslands.

~~sölu á okkar afurðum. Það er komið~~
 undir þatti þáttöku í alþjóða sam-
 tókum, við skulum segja bankasamtökum,
 okkar möguleikar til lána í gjald-
 eyrissamtökum ýmiskonar möguleikar
 okkar til þess að halda við okkar
 gengi í Marshalsamtökunum, möguleikar
 okkar til þess eftir atvikum, þá
 að fá fjárframlög eða lán frá öðrum
 öflugri ríkjum, það er ^{þannig} undir samtökum
 um friðsamlega lausn deilumála, hvort
 deilur okkar við önnur ríki eigi að
 ljúkast með friðsamlegum hætti eins
 og þeim sé skotið til dóms, ^{eftir máttum} ~~er það~~
 þess stærðari eigi að ríða.] Það er ýmiskonar
 á milli þess eða ekki.]
 menningarleg sambönd, möguleikar til
 þess að senda menn til náms í öðrum
 löndum, möguleikar til þess að fá
 styrki til þess eða ýmiskonar fyrir-
 greiðslu, allt er þetta eins og ég segi
 meira og minna háð utanríkismálum eða
 réttara sagt] mismunandi hliðar þess,
 sem við köllum utanríkismál.] Það er
 þess vegna í stuftu erindi erfitt að
 rekja þessa þæði alla saman. Ég
 sé að hér á borðinu hjá ykkur eru
 þessar annars vegar, þési um lýðveldið,
 lýðveldisstofnunina á Íslandi, sem
 að varðar nokkuð okkar skipti við
 Dani hinsvegar sér þési á sérprentun
 úr Morgunblaðinu varðandi ýmsa þatti
 utanríkismálanna, sem ég skrifaði

sumarið 1949 og þó að það eigi ekki að öllu við núna, þá mundi ég ráðleggja þeim, sem að hafa áhuga fyrir þessum málum að lesa þann þesa af því að þar kemur margt fram, sem ekki er hægt að skýra á þeim stutta tíma, sem að við nú höfum til umræða.

Það má segja, að það sé skilda hvers sjálfstæðs ríkis og það er í raun og veru ^{skilvort: þynni, að hvar sé} þáttur í greinargerðinni fyrir, hvers sé krafist til þess að það sé talað um ríki. Þá er það að halda uppi lögum ^{vitt: þynni borgara eina} og vernd bæði inn á við og út á við. Borgararnir eru borgarar í ~~(einhverju)~~ ríki vegna þess að þeir vilja hafa frið innbyrðis og að ríkisvaldið verndi þá fyrir árásum innan frá og eins vilja þeir ~~og ætlast~~ til að njóta verndar ríkisins gagnvart árásum erlendis frá og það sé samt ríkið, sem komi í veg fyrir að árásir séu gerðar. ^{þú er það ljóst, að að-} staðan til þess að veita þessa vernd út á við er ákaflega misjöfn, ^þ þórveldi hefur miklu sterkari aðstöðu í því heldur en ^{riki} smáveldi. Ég hygg ^{þó} að það sé nokkurnvegin einsdæmi, að nokkuð ríki hafi talið sér fært að leiða þetta alveg hjá sér eins og Íslendingar gerðu þegar þeir fengu ríki sitt viðurkennt af Dönum 1918. Annarsstaðar ~~þ~~ hafa menn allsstaðar stofnað sína eigin heri

þeir

spött

þeir ~~á~~ mismunandi stórir. Hér ~~hjá~~
~~okkar~~ ~~þá~~ töldu ^{menn} að það væri frá-
 leitt að stofna her, ~~við~~ værum hvort
 eð er svo fámennir, að við gætum ekki
 varið okkar land. Auk þess trúðu menn
 þá á, að yfirlýsingum ^á varandi hlut-
 laysi, sem gefin var, mundi verða okkur
~~stöð~~, svo mikil stöð, að ekki kæmi til
 þess ~~á~~ að á Ísland yrði ráðist. Eftir
 á getum við auðvitað séð, að ^{þetta} hefur ætíð
 verið barnaskapur. Styrjöldin 1914
 sýndi strax á fyrstu dögum, að þá var
 ráðizt á Belgíu, þrátt fyrir það að
 stórveldin höfðu gert samning sín á
 milli við Belgíu, um að hún ^{og} skyldi
 vera hlutlaus og ekki yrði á hana ráðist,
 þá kom strax fram, ^{en} eins og þýzki kanslar
 inn ^{Bethman} Bernhard von ^{Hollweg} sagði, að
~~það~~ væri ekki hafandi að neinu slíkur
 pappírssnepill eins og þessi hlutleysis-
 yfirlýsing gagnvart Belgíu. ~~Þá~~ Banda-
 menn ^{at vísun} þóttust ^{þá} berjast á móti þjóð-
 verjum einmitt vegna þess að þeir ^{hugsunarháttur} væru
~~þeirra. sem kom fram í þessari yfirlýsingu~~
~~andstæðir þessum hugsunarhátti, að þeir~~
~~vildu ekki viðurkenna að slíkar alþjóð-~~
~~legar skuldbindingar væru ekki meira~~
~~virði en pappírinn, sem að þær eru~~
 skrifaðar á og einmitt ^{þess vegna} út frá því trúðu
 menn ^{frá þessum í árinu} á það ~~háustið~~ 1918, þegar sýnt var,
 að Bandamenn væru að sigra, að nýr og
 betri heimur væri í vandum, þar sem hægt
 væri að treysta á alþjóðleg lög og

og þær væri undirlegð vörðum.

skuldbindingar, það eitt væri vörn og

Samræmi við þær hugsanir var svo

stofnað ~~Alþjóðabandalagið~~, þá Þjóðar

bandalagið, sem átti með sameiginlegum

átökum að stuðla að því, að ^{viðgjörnum} árásum ~~monna~~

væru ^{haldit milli} jafnvel ^{barðir} niður, en það kom

snemma í ljós í sögu Þjóðarbandalagsins,

að það mátti sín nokkuð ^{lín} gagnvart þeim

allra minnstu, en ef stórveldin fóru að

deila sín á milli þá var skjólið, sem

að Þjóðarbandalagið veitti ~~mei~~ friðnum

^{litla} einhvis virði. Þegar svo styrjöldin 1939

braust út, þá kom skjótlega í ljós, að

stórveldin höfðu áhuga fyrir Íslandi og

menn fengu vitneskju um það strax hausti-

ð '39, en gerðu sér réttilega grein fyrir

að á þetta mundi þó ekki reyna verulega,

ef Norðurlöngdin ^{gæt-taka haldit sér utan við} yrðu friðuð, utanvið

stríðið. En vorið 1940 var ráðist á

þau, og það er eftirtektarvert, að það

var ráðist á Danmörku, þrátt fyrir það

að hún væri nýbúin að gera, ekki árásar-

bandalag eða samning við Þjóðverja.

Um sömu mundir, ^{og rannu} strax haustið 1939, ~~rannu~~

og er sú árás hétt áfram meira en um árs

bil, færði sig smám saman upp á skaftið

þá réðust Rússar inn í Baltnesku löndin

sem þeir höfðu ekki árársáttmála eða

griðarsáttmála við, öll. Þannig að það

sýndi sig, að slíkir samningar væru að ^{heldur einu sinni til þess eiss, að lönnverjómurinn myndi vita} engu hafandi. Það kom líka í ljós gagnvart

okkur vorið 1940 að jafnvel þeir, sem að

hafa ~~ni~~ hæst um það, að þeir virði al-

það sammatist því
það heyrir, at þessi
þjóðverjar og þessa
földu

Þjóðarplög, eins og Bretar, ~~þeir~~ hertóku Ísland þegar þeim hentaði það. Út af fyrir sig má segja, að það hafi verið eftir atvikum gott fyrir okkur, að Bretar urðu á undan Þjóðverjum, ~~og sá Teorediski möguleiki er minnsta kosti fyrir hendi, að Þjóðverjar hefðu hertekið Ísland ef Bretar hefðu ekki verið á undan þeim, og~~ það liggur fyrir í skjölum Hitlers, að hann lagði fyrir sitt herforingajráð að gera áætlun um töku Íslands, jafnvel eftir ~~þá~~ að Bretar voru komnir hingað. Þvo það er ljóst, að landið hefur verið í yfirvofandi hættu um árás af Þjóðverja hendi, ef Bretar hefðu ekki verið hér. Um það verður ekki eildt. Hinsvegar er það alveg ljóst, að hvorki Bretar né Bandaríkjamenn hefðu sætt sig við það einn dag, að Þjóðverjar væru hér, heldur hefðu þeir ráðist þá með vopnum á landið og hér hefði verið barist. ~~Þess~~ ^{sem sást} þess vegna er það út af fyrir sig gott fyrir okkur, að Bretar voru hér á undan, af því að Þjóðverjar höfðu ekki aðstöðu til þess að ^{taka} ~~seka~~ landið heim í ⁱⁿⁿ ~~hendum~~ Breta.] Hinsvegar tjáir okkur ekki an neita því, að sá verknaður, sem Bretar frömdu þarna, ~~þann~~ er í eðli sínu alveg samskonar og sá verknaður, sem Þjóðverjar frömdu þegar þeir tóku Danmörku og Noreg. Í bæði skiptin var ráðist inn í friðsöm lönd, sem ekki óskuðu eftir að herveldi kæmi til þess að taka landið. Og það er lærdómsríkt, að Bretar ~~þeir~~ tóku ekki

Írland, sem ~~þó~~ þeir höfðu þó miklu meiri
 þörf á að ~~halda~~ ^{halda} heldur en Ísland og þeir
 gerðu það auðvitað ekki, (þeir gátu tekið
 Írland hvaða dag sem þeim sýndist og
 þó að það kostaði heldur meiri átök að
 taka land með 2 1/2 milj. heldur en land
 með 150 þús. eða 130 þús. Þá gátu þeir
 tekið Írland. Ástæðan til þess að þeir
 tóku ekki Írland var eingöngu sú, ^{vegna þess} að Írar
 eru svo fjölmennir, ^{- það eru} 30 til 40 milj. ^{manus} fólk
 af írskum ættum í Bandaríkjunum, ~~og~~ Kanada
 og samveldislöndum Breta, ^{Bretum} að það hefði
 orðið ^{þeim} of þungt áfall í heiminum, ef
 þeir hefðu þurft að lenda í ^{skotum} erjum við Íra.
~~ú af sínum varnarráðstöfunum.~~ Með þessu
 er ég ekki að áfella Breta ~~þetta~~, heldur
 verðum við að gera okkur grein fyrir
 hvernig ^{þessi} vandaleikur, ^í stjórnmalunum
 í raun og veru er. Það er enginn efi á
 því, að vesturveldin: Bretar og Banda-
 ríkin, Frakkland og þær þjóðir, sem þeim
 fylgja eru okkur miklu skyldari að hugsun-
 arhætti, hafa sama lýðræðishugsunarháttin
 eins og við, enda er okkar menning sprott-
 in upp úr sama jarðvegi ^{sa þeirra} og við höfum lært
 mikið af því, sem að við hugsum, einmitt
 af þessum þjóðum. En hjá þessum þjóðum
 er engu að síður sá hugsunarháttur ofan
 á, að ef til styrjaldar kemur, þá eru
 öll vopn leyfileg til þess að sigra,
 öll vopn leyfileg sem líklegt er að beri
 tilætlaðan árangur og ef að þær þjóðir,

Vit erum hinsvegar svo
 þámennt, at þeir hirta
 mun, hvort um okkur ventur.

heimans

En mi þvi at vit höfum
 sétt, at jafnvel Bretar
 skinnast ekki vit, at
 taka Ísland, ef þeir
 telja velferð sína þvi
 hirta,

sem að okkur eru skyldarastar hugsa þannig,
 þá er auðsatt hvílik hætta stafar af þjóð-
 um, sem eru þó miklu meira trúaðar á vald-
 ið og veita því miklu óþinskárra og sem
 sagt) jata beinlínis, að það sé megin-
 inn, eða halda því fram að það sé megin-
 kjarninn í allri lífsbaráttunni og til-
 verunni eins og t.d. einræðismennirnir í
 Þýskalandi gerðu, og eins og kjarninn í
 hinum ^{Marxistiskum} ~~Marxistisku~~ kenningu er, sem komm-
 unistar í ^{Rússlandi} halda fram. Það
 sem einungis er um það að ræða baráttu,
 stéttarbaráttu og ^{sjáan} baráttu milli
 þeirra þjóða, sem eru fylgjandi Marxism-
 anum, og þeir sem eru honum andsnúnar, og
 þar sem eftir sjálfri kenningunni, enginn
 friður, engin lát ^{setur átt sér stað}
 fyrr en ^{önnur} stefnar er orðin ofan á.
 Þetta er meginþátturinn í þeirra kenningum
 Þetta verðum við að skýlja, þetta eru
 engar öfgar af okkur, að halda þessu fram,
 heldur er þetta fyrsti barnalærdémurinn,
 sem er í þeirra raunverulegu kenningu.
 Og þess vegna telja þeir ekki aðeins
 rétt, heldur beina skyldu, að beita
 öllum ráðum, valdi, ef það heimilar,
 fyrirmælum, ef það hentar, til þess að
 koma sínum yfirráðaáformum fram. Það
 er ekki vegna þess, að menn langi svo
 mikið sjálfa til þess að hafa völd,
 þótt það blandist eflaust eitthvað inn í,
 heldur vegna þess að þeir telja, að

Kommunistar skýra
 öll þjóðfélagsvandamál
 - ljósi

Þjóðfélagsþróunin sé þessi, ~~en~~ ~~þá~~ sterk-
~~ari hljóti að verða ofan á,~~ og telja,
 að þeir hafi fundið þá vísdomskenningu,
 sem ein skýri öll mannleg fyrirbæri
 og þeim sé þessvegna ekki aðeins rétt
 og skylt, heldur se það ^{at þessari lövri þessu} þjóðfélagsleg
 nauðsyn, að ^{þessi baráttu verði að heimi} ~~til þessara ataka komi.~~
^{þykki með sínu þeim.}

at a líffratileng

Í þessu eru Vesturveldin þó miklu
 skárri, ef ~~segja má~~ vegna þess, að þó
 að þau beiti valdinu stundum og sé ekki

at: t

auðveld viðureignar, þá skammast þau
 sín fyrir það. ^{þessu veldin} Og þau keppa að ein-
^{heldur er atvöldin} hverju öðru. Þau setja ~~þetta~~ ekki sem
 æðsta lífstakmark. Þau finna ekki í
 þessu hina æðstu skýringu á öllum fyrir-
 bærum, sem okkur henda í lífinu, heldur
 leiðast þau út í ^{stundum þat} þetta fyrir atburðanna
 rás, ^{er þá með samvirkunum mót.}
^{meðum}

at beta of belchinn.
 þess vertum vit me
 voru jafnvel um
 atfari Breta i lund-
 helgis deilum.

Þetta er ~~þetta~~ nauðsynlegt, að menn
 skilji vegna þess, að ef við viljum halda
 uppi sjálfstæðu íslensku ríki, eins og
 við öll viljum, þá verðum við að átta
 okkur á, í hvaða jarðvegi við erum.
 Það er ósköp ^{lallest} gott að geta sagt - ja,
 allir menn eru friðsamir og Íslendingar
^{er} ekki ~~þá~~ hefja ófrið að fyrra
 bragði, og þarf af leiðandi ^{er} nóg, ef við
 erum sjálfir friðsamir og höldum okkur
 fyrir utan allar deilur, þá er okkur
 borgið. Þetta er það, sem við allir
 vildum geta sagt. En heimurinn er ekki

svona. Við erum í þeim heimi, þar sem ^{lík} þessi átök eiga sér stað, sem ég lýsti, þar sem vináttan milli allra er kannske heldur grunn eða lævi blandin, við skulum láta það vera, en þar sem til viðbótar ^{líkur} því venjulega ósamkomulagi milli manna og ríkja kemur það, að upp er risin völdug ríkjasamsteypa, sem trúir á það, að til stórataka hljóti að koma og telur það vera sýðferðilega skyldu sína að ~~þess~~ ^{þess} þróa sig undir það, og skyrrist ^{þess} ~~þess~~ ^{þess} jafnvel ekki við að þykjast vera allra þjóða friðsömumust, um leið og ^{þess} þeir ~~þess~~ ^{þess} hafa lagt undir sig mörg þjóðlönd og ~~þess~~ ^{þess} meiri vígbúnað heldur en nokkru sinni áður hefur þekkt í sögunni.

Það er þess vegna fráleitt, að Ísland geti staðist, ef við ætlum að trúa einungis á einangrunina eða gæði þeirra, sem við eigum við að skipta. Hvorugt af þessu er fyrir hendi. Við verðum, eins og allar aðrar þjóðir, ef við viljum halda okkar sjálfstæði, ~~það~~ ^{það} er það frumskylda okkar) að sjá landi okkar fyrir á hættu tímum fyrir einhverjum vörnum. Það er greinilegt, að úr því að stórveldi eins og Bretar, ~~það~~ ^{það} við tölum nú ekki um þjóðir eins og Norðurlandapjóðirnar, geta ekki lengur varið sig einar, heldur þurfa að sækja styrk til þess til annarra, ~~þeirra sem~~

líkasta þeim, þá er það alger fásinna, að á slíkum hættutínum geti Íslendingar varið sig sjálfir.] Okkur er þess vegna nauðugur einn kostur að gera okkur grein fyrir, hverjum megin viljum við heldur vera í þessum átökum, ~~er þau verða~~ Og þá kemur það í ljós, að val okkar er ~~þetta~~ ósköp einfalt, þegar af þeirri ástæðu, að við erum settir þar á hnettinum, mitt á milli Bretlands og Bandaríkjana, að við eigum ~~aukiþað~~ ^{naunverulega} ekkert val. Alveg eins og við ~~skulum~~ ^{höfum} ~~seja~~ 150 þús. manns inni í miðju Rússlandi, ~~þeir~~ ^á eiga ekkert val, ~~þeir~~ ^{þeir} ~~hann~~ verðum að vera undir ~~þeirra~~ ^{hinni} rússnesku yfirráðum yfirdrottnun, ^{eiða} 150 þúsund manna þjóð í miðju Atlantshafi, ~~þeir~~ ^{þeir} ekkert val um það ^{þess best að taka upp} að ~~hún~~ geti haft fjandsamlega stjórnarstefnu við stórveldin beggja megin við hana. Við verðum, hvort sem við viljum eða viljum ekki, að hafa friðsamlega sambúð við þessi ríki, og ef við neitum um samvinnu við þau, þá mundi eini árangurinn af því verða sá, að ef til ófriðar kæmi, þá mundu Rússar reyna að festa sig á Íslandi, og þá óhjákvæmilega yrði barist um landið, vegna þess að á sama degi mundu Bretar og Bandaríkin gera tilraun til þess að taka landið úr þeirra hendi. ^{þetta} ~~Retta~~ ^{þetta} ~~sagt~~ mundi þetta ^{þetta} verða þannig, að þegar til ófriðar kæmi, yrði kapphlaup um

og væri vit lútt að
~~líkum líkum~~ af
líkum líkum frá baráttu
um Ísland, sem
é vist er, at þjóttur
lítt af.

það, hvor yrði fyrri til að taka Ís-
land, Rússar eða Vesturveldin,

Svona horfir þetta við, ef við
eingöngu lítum á það, hvar við erum
staðsettir, og viljum ekki gera upp á
milli aðilanna. En þar að auki kemur
það, sem ég sagði áðan, að þrátt fyrir
það þótt okkur hljóti að mislíka margt
við framkomu Vesturveldanna, þg hugsunar-
háttur allra þjóða sé ætíð ólíkur, eins
og hver einstaklingur hugsar öðruvísi
en annar einstaklingur, þá hugsar hver
þjóð öðruvísi en önnur, ^{og} þá smáþjóð
hugsar öðruvísi en stórþjóð, en þrátt
fyrir þessu, ^{alt þetta} þá getum við ekki
neitað því, að í þeim mikla ágreiningi,
sem nú er uppi í heiminum, þá er ^{meiri} ~~þetta~~
~~þetta~~ sammála ^{Vestur veldum um} ~~(hugi Vesturveldanna)~~. Það
eru sömu meginhugsjónirnar, sem fyrir
okkur ^{og þeim} vaka. Þessvegna hljótum við
einnig af þeim ástæðum að hneigjast að
því að hafa samvinnu við þessar þjóðir.

Og það má auðvitað deila um þá samvinnu-
stríðs
byrja á fyrsta degi, það er að segja
bíða rólegir, aðhafast ekki neitt í
trúnni á það að Vesturveldin verði ætíð
á undan, eða eigum við að taka þátt í
varnaraðgerður fyrirfram. Við því er
ekkert annað að segja en það, að frá
hreinlega þröngu eiginhagssjónarmiði
Íslendinga alveg án tillitis til þess
hvað umheiminum líður, þá er hættan

Eigum við að

Audvikat verða
samþök listræðis-
þjóttanna um
sterkari vit þat at
vörnum er haldit
uppi á Íslandi.
Af því leiti aftur, at
man minni hatta er
á því, at óþrúttur
þrúttur áttu ^{þeir}
jafnvel, þótt vit lítum
á mátt frá þrúttur
eiginþótti

við það að aðhafast ekkert fyrirfram, sem við leiðum yfir íslenzku þjóðina margföld með því að aðhafast ekkert miðað við það að hafa sæmilegar tryggjar varnir í landinu fyrirfram. Auk þess, sem við það bætist, að með þeim hætti að hafa samkomulag um þetta, semja um þetta, eins og við höfum gert nú, þá getum við haft margvísleg áhrif í þessum efnum hvornig þessu er hátt að, en ef við látum bíða og erum eins og rekand, stjórnlaut, þá erum við hirtir og enginn hugsar um okkar vilja eða óskir.

Ég minnst þess á stríðsárunum, þá voru hér góðviljaðir menn umboðsmenn Bandaríkjanna og hershöfðingi hér einn ágætur, sem að ég átti einu sinni tal við og ég ásamt þeim, sem með mér var við bentum honum á það, að ef þeir héldu svo fram, þá mundi efnahagslíf okkar komast í rústir vegna fyrirsjáanlegrar verðbólgu: "Ja, þetta kemur mér bara ekkert við, ég er hér til þess að vinna ákveðið verk. Ég kom til þess að vinna ákveðið verk og ég verð að fá verkinu lokið á tilteknum tíma." Þó mátti segja, að þá höfðum við gert varnarsamning við Bandaríkjin, en við höfðum ekki reynslu af þessu. Við höfðum ekki búið út þannig um hnútana, sem þurft hefði. Við vorum sannast að segja

algjör börn í þessum efnum, nú höfum við reynt að læra af þessu, við höfum reynt að tryggja okkur á alla vegu um lífið og við útvegum landinu naunsynlegar varnir höfum við krafist þess öryggis okkur til handa, sem við komum auga á að gera þurfi. Það getur skeð að í því séu ýmsar gloppur, en menn hafa í það minnsta reynt að læra af reynzlunni, reynt að búa þetta þannig út, að sem öruggast væri.

Það er þess vegna síður en svo, að það sé af nokkuri undanlátssemi við Vesturlöndin, ^{veldin sta} Bandaríkjaþjónusta, ~~eins og kallað er, eða hvaða orðmynd~~ menn vilja hafa um það, að allir íslenskir ~~er~~ stjórnmálamenn, ~~er~~ aðrir en kommúnistar, þeir, sem fylgjast með málum, hafa komist að þeirri niðurstöðu, að við ættum ekki nema um einn kost að velja, og það er að ganga fyrst í Atlantshafsbandalagið, sem ~~er~~ menn greindi nokkuð á um, en síðan að gera varnarsamninginn við Bandaríkin. ^{sem allir voru sammála um} Það er vegna þess, að ef málið er skoðað frá hreinu íslensku hagsmunasjónarmiði, og þó ekkert annað sé haft fyrir augum, engin hugsun um það, hvort menn vilja halda uppi friði í heiminum, og leggja eitthvað á sig til þess að síður brjótist út styrjöld, heldur

vera hér stöðugt. Það er áreiknanlegt, að eins og nú standa sakir, gætum við ekki þó við vilðum, haft svo stórt íslenskt varnarlið, að við gætum komist af án hjálpar, eða mannafla annars staðar, slíkt væri glapræði. En ef friðvænlegra verður, og einhvern tíma verður það ~~nu~~, þá horfir þetta öðruvísi við, en engu að síður, þá verðum við að hafa vist lágmarksöryggi í landinu eins og samgöngum nú er háttað, þannig að ekki bara einfaldlega geti komið hér bandita hópur, ef svo má segja, hvað þá menn frá öðru ríki og tekið hér allt, vegna þess að engin sé hér til varnar. En sannleikurinn er sá, að ef hér kæmu hér skaplegir tímar á ný, þá mundi slíkt lið þkki þurfa að vera stærra en það, að við gætum lagt til ei megin aflið íþpað, eða ef til vill allt. Það er hinna ungu manna, sem nú eru að vaxa upp, að gera ~~þetta~~ upp við sig þetta dæmi.

Það mæðir á þeim, þeir eldri eru margir rogir við þetta, vanir því að heyra að við séum vopnlausir og svo friðsamir, að okkur komi ekki til hugar að verja okkur sjálfir, en ég efast um að sú yngri kynslóð vilji til lengdar una því að láta þann höfuðþátt þess að vera sjálfstætt ríki að geta veitt fyrstu frum vörnina, að láta hana alveg

þá komu þeir tímar, sem voru góðs Sigurðssonar frá 1843 eiga við þessi:

Þeir hafa engu óski þótt fram um þetta, og um litsalla okkar umma okki á alþjóðlegum meðlikerða. Þetta sýndur þá við sínum hinsvegar, að þetta mák er sátt af fullkomnum óheilindum af andstæðingum okkar. Þeir reyna að hefja

mótmælu-öldu glögn
"Íslenskum her", sem
vegna hefur kúlað um
eta stungið upp á
menn þá heit gylfi-
þ. g. - lesan, en hann
á Alþingi þ. h. okl. s. l.
mált: svo.

gleymast.

Ég er þess vegna alveg viss um að það verður áður en langt um líður eitt af mestu hitamálum hér á Íslandi hvernig eigi að bregðast við þessu, ég skal ekki fara frakar út í það í kvöld, ég vil taka það fram að það hefur enginn erlendur maður minnst á þetta við mig, eða óskað eftir því að við hefður her hér, það hafa sumir látið upp undrun yfir því að við skyldum ekki gera það sjálfir metnaðar okkar vegna en okkar möguleiki til þess að taka þátt í styrjöld er ætíð svo lítill, að aðra munar ekki um það. Það er landið sem þá munar um en ekki fólksfjöldinn á Íslandi, þess vegna óska aðrir ekki eftir því að við komum hér upp liði, en spurningin er sú, hvort okkar egin sjálfsmetnaður hlýtur ekki að leiða til þess að við gerum þetta fyrr eða síðar og kannske fyrr en síðar til þess að geta á þennan veg eins og annan sýnt að við aðeins viljum vera, heldur viljum legleggja mikið á okkur til þess að vera áfram sjálfstætt íslenskt ríki.

Ég hef nú vikið hér sérstaklega að varnarmálunum vegna þess að þau eru auðvitað heitasta deildmálið í sambandi við utanríkismálin. En utanríkismálin eru auðvitað síður en

þetta hefur hann á
móti: sínu eigin kiliögn,
þá þommuistun, sem
telja þat ætílegt, at við
þannum upp hit: til at
hvekjá þauðaríkjamenn
þveta þétan, hita ni félög
sinn samþykkið kiliögn
á móti: "Íslenskum her".
Fyrir þessum mönnum
væri þat eitt at þveta:
veg fyrir, at íslenskt ríkis-
vald sé nóg stórt. Þeir
vilja hita óeirðahöpa sína
vera þeir stórkasta valdið
þangat til þeir get:
sjálfir þveta völdin
í ríssnesku skjóli.
Þá verður ekki skirvst
at við hira Íslendinga
ekki til varna sjálfum
sinn heldur til söku
þveta þeir afþjótlega
þommuistun.

Íslendinga menn: þessum
sem öðru taka ákvörðun
sinn eftir íslenskum högs.
mönnum, þessa málin kafa
verit redd og skjót, en ekki
hit hira ríssnesku leigubjónum
væta stórkasta

svo tengd eingöngu við varnarmálin.

Eins og ég segi, þá er vörn landsins undirstaðan þess, að við getum haldið áfram að lifa, sem sjálfstætt fólk í þessu landi. En það er margt fleyra sem kemur til í þessum efnum. Þessa dagana eigum við t.d. í hörðum deilum við Breta út af landhelgismálunum.

hafa
Sumir viljað kalla þá deilu eins konar sjálfstæðismál, ég hef nú aldrei getað fallist á það orðalag, það hlýtur ætíð svo að verða á milli allra þjóða og allra ríkja að það koma upp margskonar ágrenningsefni og þá er um það að ræða, hvernig vilja menn leysa ágrenningsefnin, það er jafnvel á milli bræðra svo, að þeim kemur ekki ætíð vel saman. Eins er það á milli þjóða, þó að þeim yfirleitt komi vel saman, þá ~~þá~~ getur komið upp ágreiningur, sem er effitt að leysa. Og menn mega ekki halda, eða telja sér trú um, að það sé verið að ráðast á sjálfstæði okkar með því, þótt aðrir vilji ekki láta undan kröfum okkar, þegar þeir telja gengið á sinn rétt.

Hinsvegar verð ég að segja, að afstaða Breta í þessum málum er að því leyti mjög einkennileg, að þeir vilja ekki láta ráða þessari deilu til lykta á þann venjulega hátt, sem

slíkum deilum er ráðið til lykta á. Hér er fyrst og fremst um það deilt, hvort Íslendingar hafi farið út fyrir það, sem þeim sé heimilt að gera, samkvæmt alþjóðalögum. Þ.e.a.s. hvort við höfum framið réttarbrot á Bretum. Ef þeir telja það, og það getur vel verið, að margir þeirra telji það, þá eru til samningar um það, hvernig slíka deilu eigi að leysa. Þá eiga þeir að stefna málinu fyrir Haag-dómstólinn, og hann á að kveða upp úrskurð. Og Íslendingar eiga auðvitað að vera reiðubúnir til þess. Enda kemur ekki annað til mála en að lúta þeim dómi. En það er ekki hægt fyrir Breta þannig að það sé verjanleg afstaða, en sá stóri getur leyft sér margt, að en fyrir Breta er það óverjandi afstaða, virðist okkur, að skjóta sér hjá því að bera málið undir alþjóðadóm, en láta einstaklinga innan þjóðarinnar beita okkur kúgunaraðferðum. Segja svo - ja, ríkisstjórninni kemur þetta ekkert við, þetta eru einstaklingar, sem við höfum engin völd yfir. Slíkt er auðvitað ekkert annað en hreint ofbeldi, hrein kúgun. Það getur verið að alþjóðalög taki ekki til þess, svo að við eigum erfitt að sækja okkar rétt á þeim vettvangi,

en auðvitað þá hljótum við að nota þá aðstöðu, sem við höfum fengið til þess, ef Bretar fást ekki með góðu til að láta af þessu, að bera fram okkar ásakanir gegn þeim hvar sem við getum því við komið. Við höfum út af fyrir sig ekki aðstöðu til þess að bera þetta undir Hagdómstólinn, það eru Bretar, sem eiga að gera það, ef þeir telja að við höfum hlotið rétt á þeim. En við verðum að taka málið upp t.d. innan efnahagsstofnunarinnar í París, sem er angi af Marshalssamstarfinu. Þar hafa Bretar lýst því yfir, að þeir hafi frjálsan innflutning á fiski, það er þess vegna, og skuldbundið sig samkvæmt þeirri stofnun til að gera það, það er þess vegna mjög eðlilegt þó í samræmi við ^{það,} hvernig með slíkar deildir á að fara, að við hreyfum þessu þar og bendum á ósamræmi í yfirlýsingu Breta um það að leyfa frjálsan innflutning á fiski en láta svo einkasamtöl gera þá yfirlýsingu að engu. Við höfum aðgang að stofnun eins og Evrópuráðinu, þar sem Evrópuþjóðirnar eiga að ræða sín málefni, ef þessi deila heldur áfram, þá komumst við ekki hjá því að hreyfa þessu máli þar og bera upp okkar kvartanir. Það getur

líka komið að því, að við eigum
að taka upp málið á vettvangi sam-
einuðu þjóðanna þó að það sjálfsagt
þurfi talsverðan undirbúning við
og sé ekki rétt að fara þangað, því
að þar eru öll ákvæði svo svífandi,
ekki um ákvæðnar samningsskuldbind-
ingar að ræða með sama hætti og t.d.
Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, að
ekki er rétt að fara til Sameinuðu
þjóðanna fyrr heldur en á síðara
stigi. En þannig sjáum við hvernig
þátttaka okkar í alþjóðarmálum gerir
okkur mögulegt þegar við erum ofríki
beittir/ að leita til ýmsra aðilja
sem við hefðum ekki aðgang að ef við
tækjum ekki þátt í þessu samstarfi,
það getur vel verið að okkar kvart-
anir dugi ekki magna þess, að það
reynist enn svo, að sá sterkari
verði hinum veikari máttugri, einnig
þegar um hreint réttaratriði er að
ræða og þá er gott að fá því slegið
föstu. En ég á bággt með að trúa
því, annað ~~en-að~~ heldur en Bretum
þyki erfitt undir því að búa, ef við
sækjum þessi mál öll á þessum vett-
vangi. Því er ekki að neita heldur
að með veru okkar í Atlantshafsbanda-
laginu höfum við fengið miklu sterk-
ari aðstöðu gagnvart Bretum heldur
en við hefðum ella haft.

Það kann að vera óhyggilegt af okkur á fyrsta stigi að taka þetta mál beinlínis upp innan Atlantshafsbandalagsins, þó að vel geti að því komið að það þurfi að gera en það er auðvitað engan vegin alveg út í bláinn þegar brezku fiskkaupmennirnir, útgerðarmennirnir, dreifa því út að brezka stjórnin hafi verið linari í aðgerðum við okkur vegna þess að Bandaríkjamenn hafi lagt að henni um að koma lipurlega fram gagnvart okkur. Ég hef engar fregnir af því og efast mjög um að þetta sé rétt og mundi vita það ef það hefði verið. En það sem að auðvitað gerir Bretum sérstaklega örðugt í þessu máli er það, að þeir eins og Bandaríkjamenn þurfa á okkur að halda í Atlantshafsbandalaginu og það getur vel verið að brezka stjórnin sé út frá þrengstu eiginhagsmunarsjónarmiði þeirra verst í Bretlandi linari gagnvart okkur vegna þeirra alþjóðlegu aðstöðu, sem við höfum útvegað okkur með veru okkar í Atlantshafsbandalaginu og það er út af fyrir sig umhugsunar-efni fyrir Íslendinga, að jafn fámenn þjóð eins og við 150 þús. manns hefur gerzt, þó hún hafi engan her og leggi ekkert af egin mörkum

fjárhagslega eða í mannafla til varnarráðstafana, hefur innan Atlantshafsbandalagsins fengið jafn sterka aðstöðu til að stöðva margvíslegar ákvarðanir eins og stæstu stórveldi í heimi. Auðvitað ef slíkri afstöðu væri beitt í kjánaskap og einungis til ögrunar, þá mundi hún verða einskinsværði. En ef á henni er haldið með stillingu, með vitneskju um þá sterku aðstöðu, sem við þarna höfum og með vitund um það að sjaldan fellur tré fið fyrsta högg, þá ~~su~~ skulum við ekki gleyma því, að einnig þarna hafi stórlega styrkt okkar afstöðu í öllum deilumálum, sem upp koma við bandalagsríki okkar, sem eru allir nágrannar okkar í þessu Atlantshafssamfélagi og í þennan hóp þá get ég sagt, að það er alveg víst, að ef við hefðum ekki haft fyrir margvísleg alþjóðleg samtök styrkari aðstöðu en við höfðum áður fyrri, þá hefðum við ekki aðeins fengið mótmæli frá Bretum, eins og við fengum, heldur hefðum við líka fengið mótmæli frá Frakkalndi,^a frá Kanada og frá Bandaríkjunum. Það er einungis sú styrkari aðstaða sem við nú erum kominir í, sem hefur

gert það af verkum, að þjóðir sem
ella ekkert hefðu vitað um okkar
mál og einungis litið á lagakenn-
ingu, hafa hugsað sig nú um tvisvar
og leitað samráðs áður en þeir
styrkja sig við í aðgerðum gagn-
vart landi eins og Íslandi.

Og það sýnir einnig gildi
utanríkismálanna, að samningurinn,
sem gerður var upp úr aldamótum
um landhelgina og sem við losuðum-
okkur undan í fyrra hann var gerður
af dönsku stjórninni við brezku
stjórnina til hagsmuna fyrir danska
heimalándaði á kostnað Íslendinga
án þess að nokkuð væri hirt um það
hvað Íslendingar sjálfir segðu.
Þetta var þó á þeim tíma, sem Danir
voru orðnir skylningsgóðir á okkar
mál. Þeir menn voru komnir til valda
í Danmörku, sem vildu láta okkur
hafa víðtæka heimastjórn. Engu
að síður, þá fóru þeir svona með
okkar mikilvægasta mál, að þeir
skertu landhelgina án þess að spyrja
okkur sjálfa, vegna bráðabyrgðar
verzlunarhagsmuna sjálfs síns.
Þetta ætti að nægja til þess að
sýna hversu mikilvægt það er frá
Ísl.
hreinlega hagsmunarsjónarmiði
að hvar sem kemur að meðferð utan-
ríkismála Íslands, þá séum við

sjálfir við til þess að gæta okkar
eigin hagsmuna og vegna þess að skjótust
er hættan í sambandi við varnarmálin
þá er ekki hægt að hugsa sér meiri fyrru
frá þróngu íslensku sjónarmiði heldur
en þá, að halda að við getum látið
varnarmálin afskiptalaus og beðið þess
að einhverjir aðrir ráðstafi okkur
eftir því hvað þeim sjálfum þóknast.)

Ég skal nú ekki rekja þessa sögu
lengur. Eins og ég sagði, þá er þið
lesið þessa tvo þesa, sem ég sé hér
á borði hjá ykkur sumum að minnsta
kosti, þá fáði þið fyllri og heillegri
grainargerð þeirra efna, sem ég hef
lauslega rétt í þeim, heldur en ég
get gefið hér í kvöld. (Ég hef aðeins
stiklað á ^{nokkrum} þessum stæstu atriðum og
ég vil enda mitt mál með því að Sjálf-
stæðismenn ~~þeir~~ meiga aldrei láta
setja sig í varnaraðstöðu í sjálfstæðis-
eða útanríkismálunum. Það er alveg
víst, að ^{um vit} þá voru Sjálfstæðismenn, sem
áttu meginþáttinn í því að við stofnuðum
okkar eigið lýðveldi 1944. Ég hef
sjálfur heyrt einn af foringjum kommúnist.
segja tveggja, þriggja manna hóp, ^{þar sem}
ég var ~~þar~~ viðstaddur, að hann hefði
engan áhuga haft fyrir því skilnaði við
Dani fyrr en hann varð þess var, að
Bretum og Bandaríkjamönnum var illa

Andlit til annara
hefur aldrei rættit
þor gertum okkur.

við það. hann á þeim tíma.

Við höfum aldrei litið svona á þessi mál. Við höfum ~~verið að berjast~~ ^{þessum} þessum málum vegna þess að við höfum einlæga trú á því, að Íslandi geti ekki vegnað vel nema það sé sjálfstætt ríki. Hinsvegar höfum við alltaf gert ~~okkur grein fyrir því, að jafn réttið~~ ^{skilið} lítið ríki og fámennnt eins og Ísland hýtur að mörgu leyti að hafa sérstöðu. Og við verðum kalt og rólega að gera okkur grein fyrir í hverju sú sérstaða er fólgin. ~~Og við verðum að aka seglum~~ ^{skilja} eftir vindi. Við verðum að sjá ^{og} til hvers við erum færir, til hvers við erum ekki færir. Við verðum ~~líka~~ að gera okkur grein fyrir þeirri miklu breytingu, sem á er orðin í heiminum. Eins og ég sagði áðan hefur heimurinn orðið þannig, að það veldi, sem öldum saman bar ægishjálmi ekki aðeins yfir alla Evrópu heldur var í raun ~~í~~ og veru eina heimsveldið, brezka heimsveldið, getur ekki lengur staðist nema í skjóli Bandaríkjanna, þá er eðlilegt að önnur ríki þurfi að leita alþjóðlegs skjóls, ekki síður. Menn verða að átta sig á þessum staðreyndum, og staðreyndirnar breytast ekki vitund við það, hvort okkur líkar ^{þar} það betur eða ver. Við verðum að taka þær eins og þær eru.] Við verðum líka að átta

okkur á, að það er í raun og veru til-
raun, það er tilraun, sem við erum að
gera með okkar íslenska ríki. Það er
ekki málgi, heldur er það sannleikur,
að svona fámennnt ríki með jafnstórt
land, ómegnugt að verja sjálft sig,
hefur aldrei getað staðist fram að
þessu. Og það þarf áreiðanlega á öllu
að halda, til þess að það geti staðist,
jafnvel þótt heimurinn sé ^{værj eitthvað} nú ~~mun~~ síðaðri
og betri heldur en hann hefur verið áður.
~~sem óvíst er~~

Og það þarf þeim mun meira til þess að
^{viki okkur} þetta standist, ^{þa} sem við eigum í höggi
við menn, sem undir ^{lífsku} öðru yfirskyni
vilja, að Ísland missi það, ^{sitt eiginlega} sem við
teljum sjálfstæði.

Út af fyrir sig væri ekkert við
kenningum eða baráttuaðferðum kommúnista
að segja, ef þeir kæmu ~~alveg~~ hreinlega ^{fram}
og segðu, eins og raunar Brynjólfur
Bjarnason gerir öðru hvoru, segðu hrein-
lega: [^{þa} Við viljum að Ísland sé
hluti af Sovétríkjunum, ekki Sovétríkj-
anna vegna, heldur vegna Íslands, vegna
þess að við teljum, að það ríkjabandalag/
feli í sér framtíðarvon heimsins, og
eins og Halldór Kiljan sagði, þegar
þeir tóku Pólland 1939, - "þa, hvað geta
kommúnistar haft á móti því að 17 milljónir
manna ~~he~~ allt í einu hoppi yfir til
kommúnismans". Ef kommúnistar segðu:
hvað getum við haft á móti, að 150 þúsund

þetta var stefna Rússa, þá börðust kommúnistar hér opinberlega fyrir því og sögðu að Íslendingar ættu að taka þátt í hernaðarbandalagi. Og það væri ~~alveg~~ fásinna af okkur að láta landið vera alveg óvarið.

Þessir list mönnum á heilindi, ein lagi og frjálsast þeirra manna, sem svo fara at.

Með þessa sögu, hvernig er hægt að telja nokkrum manni, sem vill vita hið sanna, trú um það, að þessum mönnum gangi til friðarást, þegar á Íslendingum gegn erlent fólk, þegar þeir nú eru að tala um það, að við eigum ekki að hafa varnir í okkar landi. Svárið þið, ég skal ekki dæma um það. ~~þegar.~~

En ég vil að lokum ~~sem sagt~~ leggja áherzlu á það: ^{þetta} Við Sjálfstæðismenn höfum aldrei tekið sömu alþjóðlegu tillit í þessu efni eins og kommúnistar. Það er rétt, að við teljum, að heiminum sé stórfelld hætta búin, ef Vesturveldin, ~~svo illa sem okkur kanna að líka við þau stundum,~~ yrðu brotin á bak aftur. Og það er líka rétt, að við erum sannfærðir um það, að það er verulegur þáttur í því að halda friðnum uppi, að varnir séu á Íslandi, til þess að Ísland verði ekki veiki hlekkurinn í keðjunni, þar sem hún ^{verði} verði slitin í sundur, ~~sú~~ keðja ~~þar~~ sem nú verndar friðinn í heiminum. ~~En það~~ En það er þó hvorugt þetta, sem

Nú vil ég aðeins til skýringar
Atlantshafsbandalaginu segja þetta:

Að það eru allir sammála um, og
þeir best, sem muna jafn langt aftur
vita það
vel, að milli styrjaldanna þá var það
talið ýta mest af öllu undir framgang
Hitlers og stríðshættunnar, sem því
var samfara, að Bandaríkin drógu sig
út úr alþjóðlegu málefnum. Og það er
alveg talið öruggt, var talið þá fyrir-
fram og það er ekkert, sem bendir til
hins gagnstæða, að ef vesturveldin
hefðu haft nógu öruggt bandalag sín á
milli fyrirfram, þá mundi Hitler í
fyrsta lagi sennilega aldrei hafa náð
völdum, en það er gefinn hlutur, að
honum hefði ekki tekist að styrkja sig
svo sem hann gerði, og hefja stríð á
þann veg, sem hann gerði og brjóta
Frakkland niður eins og honum tókst.
Þessvegna var það mjög eðlilegt, að þeir
stjórnámálamenn, sem sáu orsök og afleið-
ingu og höfðu tekið þátt í þessu öllu,
þeim væri það aðaláhugaefni að halda við
áhuga Bandaríkjamanna á Evrópumálefnum
til þess að skapa það nauðsynlega jafn-
vægi í heimsstjórnmalunum. Vestur-
Evrópa sjálf var svo veik, að hún gat
ekki varist gegn Rússum. Það kom maðal
annars í ljós þegar Tékkóslóvakía var

blöðum, að hann hafði misst sinn einkason í bardaga í Kóreu. Það skiptir tugum þúsunda, þeir Bandaríkjamenn, sem drepnir hafa verið.

Það skal enginn halda að það sé verið að berjast um Kóreu vegna þess að menn vilji svo gjarnan ráða yfir Kóreu. Heiminum stendur í sjálfu sér svo nákvæmlega á sama hver ræður ~~fyrir~~ Kóreu alveg eins og 99,9% og ennþá meira, stendur nákvæmlega á sama um hver ræður ~~fy~~ yfir Íslandi. Það sem er verið að berjast um í Kóreu er það, hvort það eigi að stöðva vopnaða framrás kommúnismans í heiminum og það er sú breiting sem var, að fram að því höfðu kommúnistar látið sér nægja að veikja löndin innan frá og taka þau til sín eins og ávöxt, sem fellur af tré, þegar þeir voru búnir að gera löndin þroskuð fyrir hina kommúnistísku hit. En í Kóreu þá færðu þeir sig upp á skaftið og létu sína þjóna ráðast inn með vopnavaldi til þess að leggja undir sig lönd hinum alþjóðlega kommúnisma til framdráttar og ekki fyrst og fremst bara til þess að taka Kóreu, heldur til þess að sýna að það væru þeir sem væru hinir sterku í heiminum, að þeirra væri valdið og þar af leiðandi mátturinn og dýrðin og það er þessi barátta sem stendur yfir og það er einmitt Kóreustyrjöldin, sem sannar okkur, að þangað til að annaðhvort hefur orðið mikil vald-

svo sem við verðum eitthvað stærri við það að steita skapi okkar á þessum mönnum Það er hverjum manni í sjálfsvald sett að

tekin, svo að við nefnum síðasta dæmið

Svo þess vegna voru það ekki og það nauðsynlegt að þið vitið það að það voru ekki Bandaríkjamenn fyrst og fremst sem sóttu á um stofnun Atlantshafsbandalagsins heldur voru það Evrópumennirnir. Það má segja að fyrsti frumkjarninn í Atlantshafsbandalaginu hafi verið Brüssel-samkomulagið þar sem Benelúxlöndin, Frakkland og England gengu í varnarbandalag svo frá Evrópu sjánarmiði, þá var það hreinn vinningur þegar Bandaríkin fengust til þess að ganga í Atlantshafsbandalagið og það er eftirtektarvert að þeir þröngu þjóðernissinnar, ef svo má kalla þeir sem vilja Ameríku fyrst eins og má segja á slæmu máli og vilja yfirdrottnun Bandaríkjanna þeir voru á móti Atlantshafsbandalaginu Taft hann var einhvað einn af fjórum Cenatsmeðlimum, sem að greiddu atkvæði á móti Atlantshafsbandalaginu. Og einangrunarsinnarnir þeir hafa ætíð verið á móti því.

Þannig að Evrópuþjóðirnar þær hafa aldrei litið á þetta bandalag, sem þátt yfirráðastefnu Bandaríkjanna heldur eingöngu sem baktryggingu fyrir sig og þær hafa allar beðið um þann liðstirk, sem Bandaríkin hafa sent til Evrópu. Liðstirk, sem Bandaríkjamenn hafa sjálfir verið mjög tregir að láta í té og það

purfti á allri stjórnkænsku demókrata og þeir purftu að kalla Eisenhower til þess að sannfæra Bandaríkjaþing um nauðsyn á því að senda nokkra tugi þúsunda hermanna til viðbótar inn í Þýzkaland þegar Kóreustyrjöldin braust út en Evrópuþjóðirnar þær töldu sig vera svo veikar, að ekki væri við það unandi ef þessi stirkur fengist ekki.

Það er þess vegna eðlilegt að slík heildarsamtök úr því að þau komast á á annað borð þá séu þau gerð til nokkuð langs tíma, sérstaklega þar sem menn gera sér grein fyrir því, að ef von á að vera um að þetta útleiðist friðsamlega, eins og menn nú vona einþá að þá geti það orðið tíu eða tuttugu ára sögu stöðug -ja, tvísaga, eða hvað við viljum kalla það, sem standi yfir þanga til að svo hefur skipt um að menn í raun og veru geti talið líkur til þess að það fari að verða friðvænlegra en áður. Þess vegna er eðlilegur þessi langi samningstími.

Varðandi okkar varnarsamning, sem að var gerður innan Atlantshafsbandalagsins, þá er það þannig, að honum getum við sagt upp með samalagt 1 1/2 árs fyrirvara, hvenær sem við viljum og þurfum að vísu að leita samráðs við aðra um það, heyra þeirra álit en ef meirihluti manna hér vill losna við

samninginn, þá getum við gert það með 1 1/2 árs fyrirvara og þurfum ekki samþykki neinna annara til þess og má kannske segja að ekki mundu allir taka mikið mark á því þeir sem trúá skrifum Þjóðviljans um það, eða leggja mikið upp úr því. En ég verð að segja það að ein af ástæðunum fyrir því að við höfum gert slíkan samning við Bandaríkjamenn og gerðumst aðiljar að Atlantshafssamningnum er þetta. Að í öllum okkar skiptum við Bandaríkjamenn, það er að segja stjórnámálamennina, þá hafa þeir, sem við höfum haft samninga við, þá hafa þeir ætíð viðurkennt Ísland, sem er minnsta þjóða, þjóðríki í heimi, sem jafnréttlátt sér, sem er ef til vill ekki mannflesta en áreiðanlega völdugasta heimsveldið ekki aðeins sem er til heldur hefur nokkru sinni verið til.

Því fer fjarri, að við höfum nokkru sinni verið beittir kúgun eða ofríki af þessum mönnum, heldur höfum við ætíð rætt þessi mál út á sameiginlegum hagsmunum eða gagnstæðum hagsmynnum og komist að niðurstöðu eftir því, sem menn hafa sannfærst um að rétt væri, en ekki sökum kúgunar. Hitt er annað mál, að við

auðvitað, þegar að við gerum upp okkar dæmi, þá verðum við að gera okkur grein fyrir sjálfir hver er sá veikari og hver er sá sterki, hver er okkar styrkur í heiminum. Það er alveg rétt. En við höfum aldrei verið beittir kúgun eða ofríki og ef við viljum losna við þennan samning, þá höfum við rétt og möguleika til þess með þessum tiltörlega stutta fresti, sem er auðvitað stuttur þegar á það er litið hversu miklar aðgerðir Bandaríkjamenn þurfa hér að gera til þess að hægt sé að segja að landið sé sæmlega varið.

Til viðbóta þessu eru svo ákvæði í samningunum um það, að ef við sjálfir viljum taka að okkur varnirnar að einhverju leyti á þessu tímabili, þá stendur það okkur opið, það þarf að vísu að semja nánar um það. En við skulum ekki halda eitt augnarblik, að þessum mönnum sé sérstaklega geðþekkt að vera hér á Íslandi. Við skulum segja, að ef að þeir notuðu sér aðstöðu sína hér, ef við hefðum hér olíulindir, ef við hefðum hér einhverjar auðsuppsprettur, úraníum eða eitthvað af þessum dýru verðmætum, sem til eru í heiminum núna. Þá gæti maður skilið, að þessir menn vildu

taka okkar land og vildu nota það til þess að verða sjálfir ríkir af því. Hér gera þessir menn ekkert annað en að eyða fé, sem skattborgararnir heima í þeirra landi skamma þá fyrir að eyða og þeir gera ekkert annað en að senda hingð^a unglinga lítið eitt eldri þið, flesta, marga á reki við ykkur, sem líkja, ég segi ekki að það nálgist að fara til helvítis að vera hér en það er áreyðanlega eins fjarri því, að þá langi til þess að vera hér eins og frekast getur verið. Þetta er engin skemmtidvöl fyrir þá. Þeir eru hér vegna þess að frá -ja, þeirra eigin hagsmunar sjónarmiði er nauðsynlegt að Ísland sé varið. Það er nauðsynlegt að Ísland sé varið og það eru alveg sameiginlegir hagsmunir í því. Frá okkar sjánarmiði er alveg nauðsynlegt að Ísland sé varið. Ef við getum gert það sjálfir, þá eigum við að gera það. En meðan við getum ekki gert það sjálfir og meðan við viljum ekki leggja neitt fram til þess, þá verðum við að fá aðra til þess að gera það. Ef við viljum ekki stofna íslensku þjóðinni í beina glötun. Hvað haldið þið að hundruð mörg þúsund manns hafi verið fluttar til í útjöðrum rússneska ríkisins?